



Boðun á 54. þing Norðurlandaráðs ungmenna 2025

Verið velkomin á 54. þing Norðurlandaráðs ungmenna!

Norðurlandaráð ungmenn (UNR) heldur árlegt þing sitt **föstudaginn 26.10.2025 kl. 15.00 til sunnudagsins 26.10.2025 kl. 16.00** í Stokkhólmi, Svíþjóð.

Öll aðildarsamtök geta sent einn fulltrúa með atkvæðisrétt á þingið. Aðildarsamtök og áheyrnarsamtök geta einnig sent áheyrnarfulltrúa á þingið.

Þátttökugjald á þingið er 250 evrur ef skráning fer fram eigi síðar en 31. ágúst 2025. Þau sem skrá sig á tímabilinu 1.-21. september greiða 300 evrur fyrir þátttöku.

Þingið, aðrir dagskrárliðir og allar máltíðir eru innifaldar í þátttökugjaldi fulltrúa með atkvæðisrétt og eins áheyrnarfulltrúa frá hverjum samtökum. Vilji samtök senda fleiri þátttakendur á þingið greiða þau einnig fyrir gistingu þeirra. Samkvæmt ferðaskilmálum UNR endurgreiðir UNR eingöngu ferðakostnað eins þátttakanda frá hverjum aðildarsamtökum. Ekki er endurgreitt fyrir ferðir annarra fulltrúa aðildar- og áheyrnarsamtaka.

Skráning fer fram á rafrænu eyðublaði sem er að finna á vefsíðu UNR, unginorden.org. Síðasti skráningardagur er 21. september 2025. Skráning er bindandi.

Ef eitthvað er óljóst í boðsbréfinu, upplýsingum um þingið eða á skráningareyðublaðinu, hafið þá endilega samband við skrifstofuna í tæka tíð áður en skráningarfrestur rennur út til þess að við getum veitt ykkur aðstoð. Verið velkomin á þingið!

Hittumst heil í Stokkhólmi,

Alexander Winge
forseti

Nánari upplýsingar: unr@unginorden.org

Lina Frostdahl, pólitískur ráðgjafi, +358 40 774 8107

Sofia Lindholm, verkefnastjóri UNR, +358 44 733 5777